

A u g l ý s i n g

113

um að birta í blaðinu „Suðra“ auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi 16. okt.
27. maí 1859.

Samkvæmt þeim myndugleika, er ráðgjafinn fyrir Ísland hefur veitt landshöfðingjanum, er hjermeð fyrirskipað:

Frá 1. janúar 1885 skal, þangað til öðruvísi verður ákveðið, birta í blaðinu «Suðra», er út kemur í Reykjavík, auglýsingar þær, sem um er rætt í opnu brjefi 27. maí 1859, um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og sem eptir auglýsingu dómsmálastjórnarinnar 27. júní s. á. átti að birta í blaðinu «Þjóðólfi» þangað til öðruvísi yrði ákveðið.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutadeigendum til eptirbreytni.

Reykjavík, 16. dag októbermán. 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Auglýsingar þær, sem hjer er um rætt, verða, samkvæmt þarum gjörðum samningi við landshöfðingjann, teknar í blaðið «Suðra» fyrir þá borgun, er nú skal greina:

8 aura hver prentuð meginmálslína (corpus-lína) og

10 aura hver prentuð smáleturslína (petit-lína).

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um endurgjald kostnaðar af heimflutningi þurfaþings frá Íslandi til Danmerkur. — Eptir að ráðgjafinn hafði skrifað 114
að innanríkisstjórninni útaf brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 5. maí þ. á., viðvíkjandi 12. sept.
skyldu þeirri, er ætlað var að hvíldi á bæjarsjóði Ribe að endurgjalda bæjarsjóði Reykjavíkur fyrirfram greiddan kostnað, 96 kr., við heimflutning stúlkunnar Emma Regine Gnatt, hefur innanríkisstjórnin skýrt frá, að hún hafi 29. f. m. ritað amtmanninum yfir Ribe amti, að samkvæmt reglum þeim, sem nokkrum sinnum áður hafi fylgt verið í líkum tilfellum, eigi bæjarsjóður Ribe að endurgjalda að fullu kostnað þann, er hjer um ræðir, þar sem lög um heimflutning þurfaþinga o. s. frv. 14. marz 1867 ekki gildi á Íslandi.

Þetta er ekki látið hjálíða hjermeð þjónustusamlega að tilkynna yður, herra landshöfðingi, til þókanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um ferðakostnað sýslumanns og meðdómenda í landamerkjamálum. — Í brjefi, dagsettu 31. 27. sept.
október f. á., senduð þjer, herra amtmaður, til minnar úrlausnar fyrirspurn frá sýslumanninum í Þingeyjarsýslu viðvíkjandi því, hvort sýslumenn hafi eigi heimild til, samkvæmt gildandi lögum, sjer í lagi 16. grein aukatekjureglugjörðarinnar 10. sept. 1830. að reikna sjer borgun fyrir ferðakostnað í málum, sem meðhöndluð verða eptir landamerkjälögum 17. marz 1882, þótt eigi sje í 14. gr. ákveðið annað gjald handa dómendum en 3 kr. fyrir hvern dag, og í annan stað, hvort hinir tilkvöddu dómendur í merkjadómi geti heimtað ferðakostnað sinn endurgoldinn.

31. d. októbermán. 1884.

115 Um þetta málefni skal jeg hjermeð þjónustusamlega gefa yður til vitundar, til
27. sept. leiðbeiningar og frekari þóknarlegrar auglýsingar, að jeg er yður samdóma um, að sýslu-
menn hafi heimild til að reikna sjer ferðakostnað í landamerkjámálum samkvæmt 16.
gr. aukatekjureglugjörðarinnar, þarð jeg ekki get álitid, að þessari almennu ákvörðun,
um rjett þeirra til ferðakostnaðar í einkamálum, hafi með 14. gr. landamerkjagalaganna
verið breytt með tilliti til þess flokks af einkamálum, sem nýjar rjettararsreglur eru sett-
ar um í nefndum lögum, og það því síður, sem sú borgun, sem þar er ákveðin, ekki er
hærrí en sú, sem þeim nú ber auk ferðakostnaðar, en eptir hinni umgetnu lagagrein
ber að ákveða upphæð borgunarinnar í dóminum. Að því er snertir hina tilkvöddu
dómendur í merkjadómi, þá er þeim í 14. gr. landamerkjagalaganna veitt sama borgun og
sýslumanni fyrir hvern dag, sem þeir eru að merkjadómi, en þar sem engin sjerstök laga-
ákvörðun er til, er heimili þeim ferðakostnað, virðist þeim ekki bera önnur borgun en
sú, sem ákveðin er í greininni.

116 Brjef landshöfðingja til biskupsins um niðurlagning Hítardalskirkju og sam-
29. sept. eining Hítardals sóknar við Staðarhrauns sókn. — Í þóknalegu brjefi, dagsettu 22.
júlim. þ. á., hafið þjer, háæruverðugi herra, lagt það til, að landshöfðinginn, samkvæmt
4. gr. laga 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, og eptir að hlutaðeigandi hjeraðsfundur
hefur veitt til þess samþykki sitt, fallizt á:

1. að Hítardals kirkja í Mýra prófastsdæmi verði lögð niður og Hítardals sókn sameinuð
Staðarhrauns sókn;
2. að Hítardals kirkja verði seld við opinbert uppboð og andvirði hennar, ásamt orna-
mentis hennar og instrumentis, svo og sjóður hennar verði lagt til Staðarhrauns kirkju;
3. að prestinum að Staðarhrauni verði gjört að skyldu að messa fyrst um sinn tvo helgi-
daga í röð í Staðarhrauns kirkju, en þriðja hvern helgidag í Alptatungu.

Um leið og jeg hjermeð samþykki þessar tillögur yðar, með þeirri nákvæmari ákvörðun,
að Hítardals kirkja verði seld til niðurrifs en ekki til þess, að kaupandi hennar megi
láta hana standa og hafa hana til neinna veraldlegra afnota, skal jeg þjónustusamlega
skora á yður, að gjöra þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru máli þessu til framkvæmdar.

117 Brjef landshöfðingja til forstjóra sparisjóðsins í Reykjavík um endurveiting
8. okt. hlunninda handa tjeðum sparisjóði. — Samkvæmt bóнарbrjefi frá hinum heiðruðu for-
stjórum sparisjóðsins í Reykjavík, dags. 5. þ. m., endurveitist hjermeð nefndum sparisjóði
fyrir næstkomandi 10 ár eða til 10. okt. 1894 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan.
1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi 10. okt. 1874, og er endurveiting þessi
bundin hinum sömu skilyrðum, sem tiltekin voru í nefndu brjefi.

118 Brjef landshöfðingja til forseta sjúkrahússfjelagsins í Reykjavík um lán til
22. okt. sjúkrahússbyggingar. — Með brjefi þessu veitti landshöfðingi, að partil fengnu leyfi
ráðgjafans, sjúkrahússfjelinu í Reykjavík 7000 kr. lán úr viðlagasjóði til að fullgjöra
nýtt sjúkrahús í Reykjavík, gegn veði í hinu nýja húsi og 4 af hundraði í vöxtu árlega,
og skyldi fjelagið auk þess skyldugt til að endurborga innan 1. sept. næsta ár þann hluta